

Ed.

801. Breytingartillögur

við frv. til l. um innkaupastofnun ríkisins.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Aftan við 1. gr. bætist eftirfarandi:

Enn fremur skal hún annast innkaup á vörum fyrir aðra aðila, ef þeir óska þess.

2. Eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að sameina innkaupastofnun ríkisins þær ríkiseinkasölur, sem nú eru starfandi, svo og þær, sem stofnaðar kunna að verða.

b. (3. gr.) Innkaupastofnun ríkisins skal hafa forgangsrétt um gjaldeyri til vörukaupa sinna, enda geti hún útvegað vörur þær, er hún annast innkaup á, við verði, sem er sambærilegt við lægsta verð annarra innflytjenda.